

Tillaga um starfshóp.

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur skipaður fulltrúum frá Bandalagi Íslenskra listamanna (BÍL), Borgarsögusafni Reykjavíkur, Listasafni Reykjavíkur, Borgarbókasafni Reykjavíkur, viðburðarteymi Reykjavíkurborgar og menningarborg sem hafi það hlutverk að framkvæma úttekt á rýmum og sýnileika fatlaðs listafólks, sem og jaðarsettra og viðkvæmra hópa, í dagskrá menningarstofnana og menningarviðburða Reykjavíkurborgar.

Ábyrgðaraðili er skrifstofustjóri menningarborgar. Aðgerðinni skal lokið fyrir árslok 2026.

Greinagerð

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023–2026 var samþykkt í borgarstjórn 20. júní 2023. Í áætluninni eru sett fram markmið og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir mismunun og stuðla að jafnrétti á fjórum megin sviðum: Reykjavík sem stjórnvald, atvinnurekandi, veitandi þjónustu og samstarfsaðili/verkkaupi.

Tillaga um stofnun starfshóps og framkvæmd úttektar á rýmum og sýnileika fatlaðs listafólks og annarra jaðarsettra hópa styður við það markmið að stuðla að jafnrétti og er jafnframt í samræmi við markmið menningarstefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Í framtíðarsýn menningarstefnunnar er skýrt að borgin stefni að því að árið 2030 hafi allir íbúar jöfn tækifæri til að njóta lista og menningar, bæði sem þátttakendur og neytendur, og að lista- og menningarlíf borgarinnar eigi ekki að vera einsleitt heldur endurspeglar hið fjölbreytta mannlíf borgarinnar.

Menningarstefna borgarinnar leggur einnig til grundvallar að aðgengi sé skilgreint í víðu samhengi og ekki eingöngu sem aðgengi að mannvirkjum og samgöngum, heldur einnig aðgengi að upplýsingum og samskiptum.

Þá er inngilding skilgreind sem það að tryggja aðgang þeim sem annars gætu orðið útilokaðir eða jaðarsettir. Að auki kveður menningarstefnan á um að söfn og menningarstofnanir vinni að sameiginlegum áætlunum um hvernig best sé að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga og hópa, með það að markmiði að auka aðgengi og inngildingu.